



Til sveitarfélaga

Reykjavík, 1. apríl 2020

Varðar: Íþróttahreyfingin og COVID-19

Íþrótt- og ungmennafélög á landsvísu horfa nú fram á mikla erfiðleika í rekstri í kjölfar aðgerða í baráttunni gegn COVID-19 veirunni. Ljóst er að róðurinn verður afar þungur þegar leyfi verður gefið af hálfu yfirvalda til að hefja skipulagt íþróttastarf að nýju. Það þarf varla að fjölýrða um mikilvægi þess að starfið hjá íþrótt- og ungmennafélögum nái sem fyrst upp fyrri slagkrafti svo að börn og ungmenni komist fljótt í rútínu til að viðhalda góðri heilsu og heilbrigði.

Sveitarfélögin á Íslandi hafa á undanförunum áratugum verið bakhjarl íslenskra íþrótt- og ungmennafélaga. Þau hafa staðið sig gríðarlega vel í því hlutverki hvort sem horft er til uppbyggingar íþróttamannvirkja eða til þess að skapa fjárhagslega umgjörð um félögin.

Nú liggur fyrir að mörg íþrótt- og ungmennafélög munu lenda í fjárhagsvanda að afloknu samkomubanni. Búast má við að töluvert erfiðara verði a.m.k. fyrst um sinn að fá styrki til íþróttastarfsins frá fyrirtækjum landsins til að standa straum af rekstrarkostnaði auk þess sem viðbótarkostnaður kann að leggjast á þau m.a. vegna mögulegra framlenginga á íþróttastarfi vetrarins fram á sumarið. Mikil óvissa verður að minnsta kosti hjá mörgum félögum um framhaldið og finnum við mjög fyrir því að margir stjórnendur þeirra kvíða næstu mánuðum.

Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands (ÍSí) vill með bréfi þessu hvetja sveitarfélög í landinu til að eiga samtöl við sín félög og fylgjast vel með því hvernig mál þróast. Mjög mikilvægt er að grípa inni í ef þörf er á og styðja félögin í gegnum þau vandamál sem kunna að vera framundan.

Jafnframt hvetur ÍSí sveitarfélög, sem bjóða upp á frístundastyrki sem nýta má til ástundunar íþrótt- og æskulýðsstarfs, til að skoða vel hvort unnt sé að hækka, að minnsta kosti tímabundið, upphæð frístundastyrkja. Gera má ráð fyrir því að mörg heimili í landinu búi við skert tekjuflæði fyrstu mánuðina eftir að atvinnu- og frístundalífið kemst í eðlilegt horf og þá er viðbúið að frístundir séu ofarlega á listanum yfir það sem skera verður niður í rekstri heimilanna.

Við sáum það glögg í efnahagshruninu árið 2008 og árunum þar á eftir hversu dýrmætt það var fyrir alla, ekki síst börn og ungmenni, að íþróttastarfið hélst nánast óbreytt í gegnum árin eftir hrun. Það er okkur kappsmál, í þessum erfiðu aðstæðum, að ná sem bestri lendingu fyrir íþrótt- og ungmennafélögin í landinu, með það að markmiði að sem flestir iðkendur geti að samkomubanni loknu gengið að sínu félagi og sínum hópi vísam og haldið áfram að

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03 2026





stunda íþróttir. Rannsóknir hafa margsannað gildi íþróttar, bæði fyrir líkamlega sem og andlega heilsu, og því eru miklir lýðheilsulegir hagsmunir í húfi.

Við gerum ráð fyrir að ríkisvaldið muni leggja sitt af mörkum með fjárframlögum til íþróttahreyfingarinnar og almennum aðgerðum en það er líka nauðsynlegt að sveitarfélögin, bakhjarlar íþróttar- og ungmennafélaganna, komi að málum, fylgist með og styðji sérstaklega við bakið á sínum íþróttafélögum á þessum óvenjulegu tímum.

ÍSí gerir sér grein fyrir því að sveitarfélögin á Íslandi sinna sínum skyldum gagnvart íþróttar- og ungmennafélögum af stakri þryði. Við viljum hins vegar með þessari hvatningu koma til skila áhyggjum okkar af ástandinu og stöðu félaganna.

Að lokum vill ÍSí þakka mjög gott samstarf sveitarfélaganna á Íslandi við íþróttahreyfinguna. Við erum þess full viss að áframhald verður á því til langrar framtíðar.

**Með bestu kveðju,
ÍÞRÓTTA- OG ÓLYMPÍUSAMBAND ÍSLANDS**

Lárus L. Blöndal
forseti

Skjal sótt af '00000000000' dags: 25.03 2026

